


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. október, 2018

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafastofu innflytjenda. Þingskjal 19 — 19. mál, á 49. löggjafarþingi 2018–2019.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi,



Kristín S. Hjálmtýsdóttir
framkvæmdastjóri

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda.
Þingskjal 19 — 19. mál, á 49. löggjafarþingi 2018–2019.

Almennt

Rauði krossinn á Íslandi þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindri þingsályktunartillögu.

Rauði krossinn á Íslandi vinnur að margs konar verkefnum á sviði mannúðarmála í samvinnu við Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans auk stjórnvalda og fjölda samstarfsaðila hér á landi. Félagið stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Reynsla og samvinna Rauða krossins við flóttafólk á Íslandi nær aftur til ársins 1956 en samhliða hefur félagið starfað í þágu innflytjenda um áratuga skeið með stuðningi þúsunda sjálfboðaliða með það að markmiði að stuðla að betra samfélagi. Félagið hefur því bæði langa og jákvæða reynslu af því að vinna með innflytjendum á Íslandi.

Rauði krossinn á Íslandi hefur um langt skeið talið þörf á öflugri miðlægri upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu fyrir innflytjendur. Félagið kom meðal annars að rekstri Alþjóðahúss árin 2003–2006 þar sem veittar voru upplýsingar, boðið upp á margvíslega ráðgjöf m.a. lögfræðiráðgjöf, túlkþjónustu og margvíslega fræðslu fyrir innflytjendur. Rauði krossinn hefur undanfarin ár rekið Opið hús fyrir innflytjendur í Reykjavík þar sem mjög er leitað eftir upplýsingum um réttindi og skyldur, íslenskt samfélag, aðstoð við húsnæðis- og atvinnuleit, ráðgjöf um námsmöguleika o.fl. Álíka úrræði er rekið fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Fjölmargir sjálfboðaliðar taka í þessum verkefnum höndum saman ásamt starfsfólki og skapa vinveitt og jákvætt umhverfi þar sem hagnýt aðstoð er veitt, félagsnet er myndað og grunnur lagður að jákvæðri og um leið gagnkvæmri aðlögun nýkominna og þeirra sem voru hér fyrir.

Umsögn sína um þingsályktunartillöguna byggir Rauði krossinn á ofangreindu auk grundvallahugsjóna Rauða kross hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi, sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

Athugasemdir við þingsályktunartillöguna

Samsetning íslensks samfélags hefur gerbreyst á tiltölulega stuttum tíma. Nú eru yfir 42.000 innflytjendur búsettir á Íslandi frá um 200 löndum. Tæp 20% virkra þátttakenda á vinnumarkaði eru af erlendum uppruna. Aðeins frá árslokum 2011 hefur erlendum ríkisborgurum sem hér búa fjölgað um 97%.¹ Á móti eru um 46.000 manns með íslenskt ríkisfang búsett erlendis² og nýta krafta sína í þágu viðkomandi samfélaga.

¹ <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/vinumarkadur/starfandi-samkvaemt-skram-a-2-arsfiordungi/>

² <https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2018/02/22/Hvar-bua-islendingar-i-utlondum/>

Þegar litið er til komandi ára er ljóst að fjöldi fólks á flóttavegna átaka og loftslagsvárum mun fara vaxandi. Íslensk stjórnvöld hafa þegar markað stefnu um móttöku fleiri flóttamanna. Ljóst er að þörf atvinnulífsins á viðbótarvinnuafli verður ekki einungis mætt með þeim sem þegar eru búsettir hér. Samkvæmt spám Hagstofunnar mun fjöldi innflytjenda eftir aðeins þrjú ár verða rúmlega 53.000 manns eða rúm 14% íbúa.³ Það er því ljóst að verkefnið við að taka sómasamlega á móti svo stórum hópi sem hefur ákveðnar sérþarfir, sérstaklega í upphafi búsetu sinnar hér, er ærið.

Nýir íbúar þurfa að fá tækifæri til að taka þátt í samfélaginu og nýta hæfileika sína til fulls. Eins þarf samfélagið að geta nýtt færni þessa fjölbreytta hóps. Þörf fyrir öflugan miðstöð sem sinnir upplýsingastarfi gagnvart flóttafólki kemur skýrt fram í rýnihóparannsókn Alþjóðamálastofnunar meðal flóttafólks á Íslandi.⁴ Þátttakendur í þeirri rannsókn töldu þörf á að bæta aðgengi að mikilvægum upplýsingum og bentu á að mikilvægt væri að skipulag stuðnings og upplýsingagjafar sé unnið með aðkomu flóttafólks.

Þessi niðurstaða kemur heim og saman við það sem starfsmenn og sjálfbóðaliðar Rauða krossins heyra í samskiptum sínum við flóttafólk og innflytjendur almennt. Margir reka sig á skort á upplýsingum eða vita ekki hvar ber að leita, einkum þeir sem ekki hafa aðgang að stuðningsneti sem fyrir er í landinu.

Rauði krossinn fagnar tillögu um úrbætur á þessu sviði.

Félagið vill leggja áherslu á nauðsyn þess að fyrirkomulagið feli í sér að ráðgjafarstofan verði fyrsti áfangastaður í leit fólks að upplýsingum og ráðgjöf en því verði síðan vísað áfram inn í „kerfið“. Það er mikilvægt að samfélagið allt lagi sig að breyttri samsetningu þjóðarinnar og innviðir samfélagsins þurfa þar af leiðandi að breytast í takt við það til að sinna nýjum íbúum betur til framtíðar.

Nefna má að nú eru í vinnslu á vegum velferðarráðuneytis tillögur um jöfnun á þjónustu við flóttafólk hvort sem það kemur á eigin vegum eða í boði íslenskra stjórnvalda. Þar er m.a. gert ráð fyrir að Fjölmenningssetur fái aukið hlutverk og sett verði upp starfsstöð á höfuðborgarsvæðinu. Rauði krossinn tekur ekki afstöðu til þess hvort ráðgjafar- og upplýsingaþjónusta sem þingsályktunartillagan fjallar um verði komið fyrir innan útvíkkaðrar starfsemi Fjölmenningsseturs, verði þær tillögur að veruleika, eða hvort sett verði upp ný ráðgjafarstofa. Mikilvægast er að nýta þá reynslu sem til er hvar sem hana er að finna og að hún verði aðgengileg þeim innflytjendum sem á þurfa á halda.

Nú eru flestir íbúa af erlendum uppruna búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Miðlægu upplýsingastarfi og ráðgjöf er því best fyrir komið á höfuðborgarsvæðinu en mikilvægt er að það þjóni fólki á öllu landinu á skilvirkan hátt, meðal annars með þeim tæknilausnum sem í boði eru. Jafnframt er þörf á að skoða hvort slíkar upplýsingamiðstöðvar eða útíbú þurfi að starfrækja víðar um landið í ljósi mannfjöldaspár og vaxandi hlutfalls innflytjenda.

Rauði krossinn leggur áherslu á mikilvægi þess að hafa fulltrúa væntanlegra notenda þjónustunnar með í ráðum við mótun starfseminnar, eins og fram kemur í könnun Alþjóðamálastofnunar, enda vita þeir best hvar skóinn kreppir.

Rauði krossinn leggur áherslu á að ráðgjafarstofa, líkt og þingsályktunartillagan fjallar um, geti ekki komið í stað þeirrar þjónustu sem getið er í 27. gr laga um útlendinga 80/2016 þar sem kveðið er á um rekstur móttökumiðstöðvar fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Slíkri móttökumiðstöð hefur ekki enn verið komið á fót en verkefni hennar eru mikilvæg vegna sértækrar stöðu umsækjenda um alþjóðlega vernd og þeirra ákvæða sem fram koma í 25. gr fyrrnefndra laga sem kveða á um greiningu á sérþörfum umsækjenda um alþjóðlega vernd sbr. 6. tölulið 3. gr laganna. Hafa ber í huga að

³ <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfioldi/mannfioldaspa-20172066/>

⁴ Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, *Greining á þjónustu við flóttafólk*, 2016.

umsækjendur um alþjóðlega vernd njóta ekki fullra félagslegra og borgaralegra réttinda á meðan málsmeðferð þeirra stendur og því er þjónusta við þann hóp að nokkru leiti sértæk.

Rauði krossinn telur æskilegt að ráðgjafarstofa innflytjenda myndi einnig stuðla að félagslegri aðlögun samhliða því að veita hagnýta aðstoð. Hugmyndin um svokallaða *first-stop-shop* felur í sér að notandinn geti nálgast margþætta þjónustu félagasamtaka sem og opinberra aðila á einum stað og telur félagið að ráðgjafarstofa innflytjenda gæti með réttu rekstrarfyrirkomulagi, sem í senn væri einfalt og hagkvæmt, náð því markmiði.

Rauði krossinn vill að lokum benda á mikilvægi þess að stjórnvöld marki skýra stefnu til langs tíma hvað varðar gagnkvæma aðlögun (*e. inclusion*) þannig að samfélagsleg þátttaka allra íbúa sé tryggð. Slík stefnumótun snýr ekki einvörðungu að aðlögun nýrra íbúa heldur einnig að aðlögun samfélagsins að breyttri íbúasamsetningu og þeim þörfum sem upp koma í breyttu samfélagi. Hún er ekki síst nauðsynleg til að öllum sé ljóst að hvaða marki er stefnt, hvað felst í gagnkvæmri aðlögun, hvernig hún skuli framkvæmd og hlutverk allra aðila sem koma þar að. Rekstur úrræða eins og ráðgjafarstofu ætti að byggja á slíkri langtímastefnu. Rauði krossinn er ávallt reiðubúinn til þátttöku í slíkri stefnumótunarvinnu.

Lokaorð

Rauði krossinn lýsir sig fúsan til samstarfs með þann stuðning sem félagið getur veitt. Fulltrúar Rauða krossins á Íslandi eru tilbúnir að hitta þingmenn til frekari viðræðna um þingsályktunartillöguna og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins sé þess óskað.